

Skýrsla stjórnar á ársfundi Guðfræðistofnunar

3. apríl 2024

(frestað um hálfan mánuð vegna veikinda frá 20. mars)

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 8. mars 2023. Núverandi stjórn stofnunarinnar var kjörin á framhaldsársfundinum 2022. Stjórnina skipa: Sigríður Guðmarsdóttir, sem er formaður og Rúnar Már Þorsteinsson sem er meðstjórnandi. Sólveig Anna Bóasdóttir er varamaður. Stjórnin er skipuð til þriggja ára.

Fjárhagsstaða

Um fjárreiður Guðfræðistofnunar, rannsóknarverkefnis og Starfssjóðs Guðfræðistofnunar, sjá fylgiskjal um rekstur Guðfræðistofnunar og rannsóknarverkefnis á árinu 2023. Fjárhagsstaða Guðfræðistofnunar í árslok 2023 var 374.502. Fjárhagsstaða rannsóknarverkefninsins „Mannréttindi, fjölmennning og trú á tíma loftslagsbreytinga“ var 531.388.

Um fjárreiður Starfssjóðs Guðfræðistofnunar, sjá fylgiskjal með ársreikningi ársins 2022. Samkvæmt tölvubréfi frá Helgu Brá Árnadóttur, verkefnastjóra Starfssjóða HÍ til formanns Guðfræðistofnunar 27. febrúar 2024 er ársreikningur starfssjóðsins á liðnu ári birtur í júní ár hvert og því er það reikningurinn 2022 sem hér er lagður fyrir fundinn. Helga Brá segir raunávöxtun sjóðsins á árinu 2022 neikvæða um -15% sem hafi haft neikvæð áhrif á ráðstöfunarfé sjóðsins. En samt sem áður er nú rúmar 7 milljónir til ráðstöfunar í óbundnum höfuðstól.

Málstofur

Eftirfarandi málstofur og vinnustofur hafa verið haldnar á vegum Guðfræðistofnunar og/eða í samstarfi við aðrar stofnanir á árinu 2023. Streymt var frá öllum málstofum, en ekki vinnustofunni.

1.febrúar 2023: „Tímar tröllanna“

Á málstofunni fjallaði Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður um heimildarmynd sína „Tímar tröllanna“ sem frumsýnd var í nóvember 2022.

Myndin fjallaði um tröllin í fjöllum og tröllin í okkur sjálfum. Ásdís fjallar um að tröll hafi fylgt mannkyni í goðsögum og raunverulegri sögu, allt eftir því hvaða skilningur var settur í orðið á hverjum tíma. Tröllin séu hluti af íslenskri menningu og birtist í rituðum sögum, lagabókum og munnlegum arfi. Sögulega séð hafi tröllin staðið fyrir fólki, sem stendur utan

samfélagsins og sé því hættulegt eða sé innan vébanda þess, en sýni andfélagslega hegðun. Þá tákni tröllin líka ógnir þær sem að okkur steðja og séu oft handan skilnings okkar.

Málstofan fór fram í stofu A229 og á íslensku.

1.mars 2023: Játningabókmenntir Jóns Óskars

Á málstofunni hélt Dr. Guðmundur S. Brynjólfsson djákni fyrirlestur þar sem greint var frá helstu birtingarmyndum játningahefðarinnar í skrifum Jóns Óskars og þar lögð áhersla á tengsl játningaskrifa og eskatólógíu. Guðmundur lauk doktorsprófi í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands 10. maí 2022 og byggir erindið á doktorsritgerð hans: „Ég, sem þeyttur kem frá liðnum vetri“. Um margbrotna stöðu skáldsins og þýðandans Jóns Óskars í íslensku menningarumhverfi.“

Í þessum fyrirlestri greindi Guðmundur frá helstu birtingarmyndum játningahefðarinnar í skrifum Jóns Óskars og lagði áherslu á tengsl játningaskrifa og eskatólógíu, m.a. í gegnum hikið eða biðina (sem hann telur að sé ríkjandi fagurfræðilegur þáttur í nánast öllum skrifum Jóns). Samfara biðinni sé þjáning, biðin eða óvissan sem verði til í þjáningunni. Þannig sé biðin kjarni eskatólógiunnar og kjarni í skrifum Jóns Óskars.

Málstofan fór fram í stofu A229 og á íslensku.

2. mars 2023: Marit Trelstad, "Varúðarmerki hatursorðræðu: Að þekkja og afhjúpa orðræðu sem réttlætir morð, ofbeldi og niðurlægingu annarra."

Á málstofunni hélt Marit Trelstad, University Chair of Lutheran Studies og prófessor í Constructive and Lutheran Theologies í Pacific Lutheran University in Tacoma, Washington, Bandaríkjunum fyrirlestur. Rannsóknir hennar tengja saman femíníska, prósess og lútherska guðfræði. Málstofan fór fram í stofu A229 og var á ensku.

Útdráttur úr fyrirlestrinum: "Luther's disturbing anti-Semitic writings have long troubled Lutherans who have denounced them. This lecture focuses on ethnonationalism, hate and models of theology that highlight a relational understanding of personhood that counter Luther's polemics and the binaries and divisions in today's social and political landscape. We will examine Luther's treatise using tools provided in the books *Less Than Human: Why We Demean, Enslave and Exterminate Others* (2011) by David Livingstone Smith and George Tinker's *Missionary Conquest: The Gospel and Native American Genocide* (1993). From these two resources in relation to Luther's writing, we can start to develop a set of "red flags" that identify and challenge the forms of thought that support ethnonationalism. Luther understandings of baptismal identity, grounded in relational love, plus insights from process and intersectional theologies, lead us to focus on the relatedness – not separation – of people and thus challenge the easy demonization of the "other.""

Málstofan var í stofu A229 og var á ensku.

19.-21. apríl 2023: Decolonize Nordic Nature

Samnorræn vinnustofa í samvinnu milli EcoDisturb rannsóknarverkefnisins við Háskólann í Osló og Guðfræðistofnunar.

Útdráttur um efni vinnustofunnar: “Framtíð lífs á jörðu er grundvallarviðmið í þeirri afnýlenduvæðingu sem er að ryðja sér til rúms á Norðurlöndum. Þegar samtímarannsóknir gera upp áhrif nýlendustefnu á Norðurlöndum er lítið til aðstæðna á hverjum stað fyrir sig og þessar aðstæður tengdar við knýjandi hnattræn álitamál, svo sem niðurbrot á lífkerfum og útdauða tegunda, með áherslu á mótspyrnu og mannréttindi árbjóða. Inúítasamfélög á Grænlandi og samfélög Sama, sem löngum hafa búið við kúgun á rödd sinni og atbeina, varðveita þekkingarfræði og umhverfisvenjur sem eru lífsnauðsynlegar fyrir sjálfbæra þróun. Þrátt fyrir þetta mikilvæga hlutverk árbjóðanna, hefur til þessa lítið farið fyrir því að norrænar þjóðir geri upp nýlenduarf sinn og þá ekki síst hvað varðar viðhorfið til náttúrunnar. Miklu fremur hefur náttúrusýn á Norðurlöndum allar götur síðan á á dögum rómantísku stefnunnar einkennst af útópískum sögum og goðsögnum um sjálfsmyndir byggðar á norrænu undantekningunni. Þannig hefur náttúran verið öðruð og skörp skil sköpuð milli hennar og menningarinnar. Náttúran er síðan hafin upp og smíðuð um hana staðalímynd, eða henni einfaldlega afneitað. Í stað þessara gömlu aðferða við að hólfa niður náttúru og menningu kalla fræðimenn samtímans í vaxandi mæli eftir afnýlenduvæðingu með auknu vægi á menningu árbjóða, þar sem þekkingarsköpun miðar að valdajafnvægi og umbyltingu þekkingarstofnana.”

Vinnustofan var haldin í Neskirkju og fór fram á ensku.

25. september 2023: Tore Johnsen, „Endurskoðun kristinnar heimsmýndar: Raungerð samísk guðfræði, heimssýn og þörf fyrir afnýlenduvæðingu.“

Tore Johnsen er dósent við Kirkelig utdanningsenter nord í Tromsø, sem er hluti af VID háskólanum í Noregi. Hann er með doktorspróf í heimskristni (World Christianity) frá Edinborgarháskóla. Rannsóknir hans þessa dagana eru á svið samískrar og árbjóðaguðfræði, guðfræðilegrar afnýlenduvæðingu, sáttargjörðarguðfræði og sannleiks og sáttanefnda.

Útdráttur úr fyrirlestrinum:

„What is the implicit worldmaking involved in Christian life and practice? How is a Christian tradition orienting the human being towards the world? In this lecture, Sámi theologian Tore Johnsen shares insights from his recent book *Sámi Nature-Centered Christianity in the European Arctic: Indigenous Theology beyond Hierarchical Worldmaking* (2022). Having explored the cosmological orientation of the Indigenous Christianity among reindeer herders, river Sámi and sea Sámi in Northern Norway, Johnsen will elaborate on two basic theological contributions: Sámi lived theology offers an alternative Christian cosmological orientation, relevant to contemporary challenges. Secondly, it necessitates a decolonizing of Lutheran theology.”

Málstofan fór fram í stofu A229 og var á ensku.

Aðrar málstofur:

Félagar í Guðfræðistofnun tóku virkan þátt í málstofum og ráðstefnum á árinu, þar með töldu Hugvísindabingi 10.-11. mars 2023 og Menntakviku 29. september s.á.

Málstofur sem þurfti að fresta eða aflýsa:

Þrjár aðrar málstofur voru skipulagðar á árinu 2023 á vegum Guðfræðistofnunar, sem þurfti ýmist að fresta eða aflýsa:

- Til stóð að Dr. Jan-Olav Henriksen, prófessor við MF héldi fyrirlestur í febrúar 2023, en sú málstofa frestaðist um ár.
- Til stóð að Dr. Azza Karam héldi fyrirlesturinn „Tie that Binds: The Imperative of Human Rights.“ 23. október 2023, en málstofunni var aflýst. Dr. Azza Karam er meðlimur í United Nations' Secretary General High Level Advisory Board on Multilateralism, og er prófessor í Religion and Development við Vrije Universiteit in Amsterdam, Hollandi, og Secretary General Emerita of Religions for Peace International.
- Til stóð að Dr. Paula Fredriksen, Aurelio Professor of Scripture emerita við Boston University og Distinguished Visiting Professor emerita við Department of Comparative Religions við Hebrew University í Jerúsalem, héldi fyrirlesturinn “Páll, hin heiðu og gyðingleg löggjöf: Ný svör við gömlum spurningum” 25. október 2023, en málstofunni var frestað um óákveðinn tíma.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2023, hefti nr. 56 og 57.

Ritstjórn Ritraðarinnar fyrri hluta ársins 2023 voru Arnfríður Guðmundsdóttir (ritstjóri) og Sólveig Anna Bóasdóttir (stjórnarmaður). Á síðasta ársfundi var Haraldur Hreinsson kosinn ritstjóri, en Arnfríður settist í stjórn ásamt Sólveig Önnu. Ritstýrði Arnfríður fyrra hefti Ritraðarinnar, en Haraldur því síðara.

Rannsóknarverkefnið Mannréttindi, trú og fjölmenning á tíma loftslagsbreytinga (MAFTÍL)

Þverfaglega rannsóknarverkefnið „Mannréttindi, trú og fjölmenning á tíma loftslagsbreytinga“ (MaFTÍL) var sett á laggirnar tveimur vikum fyrir heimsfaraldurinn í febrúar 2020. Stjórnendur verkefnisins eru Sólveig Anna Bóasdóttir og Sigríður Guðmarsdóttir, en Sigríður óskaði eftir því að segja sig frá stjórnarstörfunum um mitt ár 2023 vegna annarra nefndarstarfa. Haldin var vinnustofa í verkefninu 1. mars 2023. Fræðimennirnir sem taka þátt í verkefninu eru tólf. Nánar má lesa um verkefnið á heimasíðu þess:

<https://gudfraedistofnun.hi.is/is/mannrettindi-fjolmenning-og-tru-timum-loftslagsbreytinga-maftil>

Samstarf við aðrar rannsóknarstofnanir:

Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar:

Guðfræðistofnun tók þátt í samstarfi með Stofnun Sigurbjörns Einarssonar, um heimsókn Dr. Antje Jackelén, fyrrverandi erkibiskups Svíþjóðar á Skálholtshátíð 22. júlí 2023.

Nýir félagar:

Dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson er nýráðinn aðjúkt í gamlatestamentisfræðum og á þar með fullan aðgang að Guðfræðistofnun.

Reykjavík, 13. mars 2024

Sigríður Guðmarsdóttir, formaður stjórnar

Rúnar Már Þorsteinsson, meðstjórnandi